


<u>Lýsing:</u>

Hjartað í Vaðlaheiðinni er mannvirki sem samanstendur af um 380 fjórlitum LED ljósum sem standa á um það bil 3 m háum og 50 mm breiðum staurum. Nú er gert ráð fyrir því að fyrir hvert ljós verði einn staur og á milli þeirra verði rör fyrir lagnir, staðsett rétt fyrir neðan ljós. Í hönnunarferli verður skoðað hvort hægt sé að fækka staurunum. Efni í staurum verður þannig að það falli sem best að umhverfinu.

Hjartað verður staðsett á sama stað og upprunalegt hjarta, í hlíðinni ofan nyrstu húsanna í Vaðlaborgum og hugsanlegt er að í framtíðinni verði gerður göngustígur umhverfis það. Gert er ráð fyrir nokkrum bílastæðum neðan við hjartað. Til að byrja með til að þjóna umferð sem fylgir framkvæmdinni og í framtíðinni umferð að göngustíg. Á bílstæðinu verður upplýsingaskilti.

Lýsingin frá hjartanu verður þannig stillt að ljóskeilur verði allar fyrir ofan húsin í Vaðlaborgum. Ljósmengun ætti því ekki að vera til staðar í húsunum nema óveruleg við ákveðin skilyrði í rigningu eða snjókomu. Lýsingin frá hjartanu verður öllu jafna blikkandi en stöku sinnum má gera ráð fyrir skrautsýningum þar sem bæði litum og takti lýsingar verður breytt.

Ljósin í hjartanu og búnaður sem þeim fylgir er hljóðlaus.

Framkvæmdatími er áætlaður 1-2 mánuðir sumarið 2016.




Mynd sýnir hvernig ljóskeilum frá hjartanu er beint þannig að þær lýsi fyrir ofan hús sem staðsett eru neðan hjartans

0m 10m 20m 30m 40m 50m

1:500

| útg. | breyting | dags. | nafn | yfirf. |
|---|---|---|---|---|

| | DAGSETNING | NAFN |
|---|---|---|
| HANNAÐ | 11.2.2016 | KM |
| TEIKNAÐ | 11.2.2016 | RÁ |
| YFIRFARIÐ | 11.2.2016 | KM |
| SAMÞYKKT | | |

Teikniskrá: 3458-001-01-Grenndarkynning.dgn

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

# HJARTAÐ Í VAÐLAHEIÐI

## PLAN, SNIÐ OG SKÝRINGAR

Vegnúmer

| Mælikvarði (A3) | Teikning nr. | Útgáfa | Blað nr. |
|---|---|---|---|
| 1:500 | 3458-001-01-01 | 1 | Bls. 1 |